



Sauðárkróki, 24. mars 2020

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Bygðastofnunar um tillögu til þingsályktunar um söfnun upplýsinga um dreifingu starfa, 530. mál.

Meginefni þingsályktunartillögunnar er að: „*Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra fyrir hönd ríkisstjórnarinnar að skipa starfshóp sem falið verði að gera tillögur að nauðsynlegum lagabreytingum til söfnunar og vinnslu upplýsinga um landfræðilega dreifingu starfa og skilgreiningu hlutverks og ábyrgðar þeirra aðila sem málið varðar.*“

Tekið er undir nauðsyn þess að fyrir liggja upplýsingar um landfræðilega dreifingu starfa. Eins og staðan er í dag liggja þessar upplýsingar ekki fyrir. Tekið er undir það sem kemur fram í greinargerðinni um hagnýtt gildi þessara upplýsinga þar sem reifuð eru sjónarmið sem snúa að stefnumótun og rannsóknum ýmis konar en einnig varðandi ákvarðanatöku aðila á markaði. Með tímanum yrðu til gagnaraðir gæfu rétta mynd af þróun atvinnulífs eftir landsvæðum. Það er sérstaklega mikilvægt að sjá hvaða áhrif tæknibreytingar, sjálfvirknivæðing og aðrir þættir hafa á einstakar atvinnugreinar og einstök samfélög.

Bygðastofnun hefur safnað gögnum um fjölda opinberra starfa eftir staðsetningu og unnið greiningar á atvinnutekjum eftir svæðum til að nálgast stærð og mikilvægi einstakra atvinnugreina á mismunandi svæðum. Tekið er undir að gögn um landfræðilega dreifingu starfa væru stofnuninni mikilvæg, eins og fram kemur í lokaorðum greinargerðarinnar, og myndi nýtast henni í verkefnum sem m.a. snúa að skilgreiningu vinnusóknarsvæða, byggðaáætlun, greiningum á byggðalögum, mati á þörf á stuðningsaðgerðum, gagnasöfnun, rannsóknum og raunar ýmsu fleiru.

Fyrir hönd Bygðastofnunar

---

Guðmundur Guðmundsson  
*Sérfræðingur á þróunarsviði Bygðastofnunar*

